



252. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 17. desember 2009 kl. 16:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

- Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP**
- Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB**
- Ólafur Guðmundsson, ÓG**
- Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF**
- Lárus Ástmar Hannesson, LÁH**
- Berglind Axelsdóttir, BA**
- Davíð Sveinsson, DS**
- Guðmundur Andrésson, fundarritari**

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 456, dags. 10.12.2009.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 08.12.2009 (123. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Fákaborg, reiðskemma.

Fyrirspurn frá Sæpóri Þorbergssyni kt. 110171 5449 og Lárusi Ástmari Hannessyni kt. 150766 4199, f.h. Hesteigendafélags Stykkishólms, kt. 451177 0289, að byggja reiðskemmu í landi Hesteigendafélagsins, sbr. bréf og afstöðumynd dags. 30.11.2009.

Nefndin tekur jákvætt í byggingu reiðskemmu Hefst og leggur til að skemma verði staðsett sunnan við hesthúsabyggðina, sbr. tillöguteikningu frá skipulags- og byggingarnefnd.

Tillaga nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 svæði undir endurnýtanlegan jarðveg.

Lögð fram fyrirspurn frá Lárusi Hannessyni 150766-4199 um svæði undir endurnýtanlegan jarðveg í bæjarlandinu. Erindi vísað af fundi bæjarstjórnar til skipulags- og byggingarnefndar þann. 29.09. 2009.

Nefndin leggur til að svæði fyrir endurnýtanlegan jarðveg verði við gömlu ruslahauganna, við Ögursafleggjarann.



Tillaga nefndarinnar samþykkt. Byggingafulltrúa og nefndinni falið að útfæra tillöguna.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Skólastígur 16, útlitsbreyting.

Stykkishólmsbær óskar eftir að breyta gluggum á neðri hæð hússins við Skólastíg 16, sbr. teikningu dags. 2.12. desember 2009.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Ræktunarland, forsögn fyrir deiliskipulagsvinnu.

Lögð fram skýrsla vinnuhóps um málefni frístundabændabænda frá 2006, sem tillaga að forsögn fyrir deiliskipulagsvinnu ræktunarlands fyrir frístundabúskap í Stykkishólmi.

Nefndin leggur til að skýrslan um málefni frístundabænda frá 2006 verði forskrift að deiliskipulagi sem merkt eru bókstafnum F á gildandi Aðalskipulagi.

Tillaga nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku BA, GDP.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 reitur B á skipulagi miðbæjar.

Lagðar fram tillögur um uppbyggingu á Skipulagi miðbæjar, reit B við Frúarstíg, sbr. tillöguteikningu mótt. 1.12.2009.

Nefndin tekur jákvætt í tillöguna frá Sigurjóni Jónssyni / Skipavík.

Samþykkt að láta endurskoða deiliskipulag miðbæjar reit B við Frúarstíg.

Til máls tóku DS, GDP, BA, LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Smiðjustígur 3, breyting á viðbyggingu.

Lögð fram teikning af breytingu á byggingarefni viðbyggingar við Smiðjustíg 3. Óskað er eftir að byggingin verði steipt, í stað timburveggi og þaks, sbr.

teikningar frá Ráðbarði sf./Bjarna Þór Einarssyni dags. 19.11.2009.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.



Til máls tóku síðan BA, GDP, LÁH

Fundargerð samþykkt.

Liður 5 fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 16.11.2009 (35. fundur).

Fundargerð framlögð. **Liður 2** umhirða íþróttaleikvangs Stykkishólmsbæjar, samþykkt að starfsmaður verði ráðin við Íþróttamiðstöðina á sumrin, sem sæi um völlinn ásamt fleiru, samþykkt að Vignir forstöðumaður endurskoði áætlun um umhirðu vallarins. Fundargerð samþykkt.

Til Máls tóku, BA, LÁH Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

Liður 15 bréf Björgunarsveitarinnar Berserkja, ódags. varðandi björgunarmiðstöðina við Nesveg.

Samþykkt að bæjarstjóri ræði við formann Björgunarsveitarinnar Berserkja.

Til máls tóku DS, GDP Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 16 bréf Matvælastofnunar, dags. 02.12.2009 varðandi sauðfjárvarnarlínur og hólf á Breiðafirði.

Samþykkt að vísa erindinu til landbúnaðarnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 17 tölvupóstur Sonju Karenar Marinósdóttur, dags. 02.12.2009 varðandi styrkbeiðni við söngleikinn Tónlistarsagan endalause (samstarf grunnskóla Grundarfjarðar, tónlistarskóla Grundarfjarðar og FSN).

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 18 tölvupóstur samgöngunefndar Alþingis, dags. 03.12.2009 varðandi umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa).

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar telur ekki ástæðu til að fjölga fulltrúum í sveitarstjórnnum frá því sem nú er heimilt. Samanburður fjölda sveitarstjórnarmanna við önnur lönd er ekki raunhæfur þar sem hlutverk sveitarstjórna er ekki alls staðar það sama.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 19 bréf og fjárhagsáætlun Menningarráðs Vesturlands fyrir árið 2010, dags. 25.11.2009.

Fjárhagsáætlun Menningarráðs Vesturlands fyrir árið 2010 samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 20 bréf Eypórs Arnars og Marteins Óla, ódags. varðandi hjólabraut.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið. Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar æskulýðs- og íþróttanefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 22 bréf Stígamóta, ódags.2009 varðandi fjárbeiðni fyrir árið 2010.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 23 vegur í Arnarborg, yfirlýsing.

Samþykkt að taka við veginum í Arnarborg fyrsta áfanga. Yfirlýsing samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tók EF

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 24 niðurstaða Héraðsdóms Vesturlands vegna stefnu Jóhönnu Jónu Guðbrandsdóttur á hendur Stykkishólmsbæ.

Framlagt. Stykkishólmsbær hefur þrjá mánuði frá uppkvaðningu dóms til að taka ákvörðun um áfrýjun á dómi.

Til máls tóku LÁH, BA, GDP, DS, EF

Berglind lagði fram eftirfarandi bókun.

Við teljum í ljósi þeirrar stöðu sem komin var upp í málefnum forstöðumanns Dvalarheimilis Stykkishólms að nauðsynlegt hafi verið að grípa til aðgerða. Við teljum jafnframt mjög miður að ekki hafi verið farið að stjórnsýslulögum við uppsögn forstöðumannsins með tilheyrandi kostnaði fyrir bæjarfélagið.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson

Áskil mér rétt til að koma með bókun varðandi framangreint þegar mögulegum málaferlum er lokið.

Gretar D. Pálsson



Liður 25 drög að leigusamningi við Aftanskin um hluta að kálfinum að Skólastíg 11.

Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi á grundvelli þessara draga.

**Til máls tóku LÁH, GP
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 26 drög að leigusamningi um félagsheimilið Skjöld vegna leikfélagsins Grímnis.

Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi á grundvelli þessara draga.

**Til máls tóku LÁH, GDP
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 27 fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga fyrir árið 2010.

Erindinu vísað til bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni.

Til máls tóku síðan ELB, EF

Fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónusta samþykkt.

Samningar/tilboð.

Liður 28 samningur um dreifmenntun í grunnskólum.

Samningur samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Annað.

Liður 29 tillaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra, að gerðar verði reglur um snjómokstur í Stykkishólmsbæ.

Tillaga samþykkt.

**Til máls tóku LÁH, GDP, EF, DS
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 31 tillaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra, að álagningarreglum fasteignagjalda fyrir árið 2010.

Tillaga Erlu bæjarstjóra samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 tillaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra, að hækkun gjaldskrár vegna



fæðis við Leikskólann í Stykkishólmi.

Tillaga Erlu bæjarstjóra samþykkt. Síðast hækkaði gjaldskrá 1. febrúar 2003.

**Til máls tóku LÁH, GDP
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Til máls tók síðan LÁH, GDP

Fundargerð bæjarráðs samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 08.12.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 07.12.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 30.11.2009.

Fundargerð framlögð.

**2.4. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms,
dags.25.11.2009.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags.16.11.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

3. Fjármál.

**3.1. Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010- síðari
umræða.**

Til máls tóku, LÁH, EF, GDP, DS

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010 samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010 var eins og áætlanir fyrri ára unnin í góðu samstarfi meirihluta og minnihluta bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Áætlunin var unnin við mjög sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu þar sem mikill samdráttur er í efnahagslífinu og óvissa er mikil. Stykkishólmsbær þarf eins og önnur sveitarfélög að taka tillit til þessa raunveruleika í áætlunum sínum fyrir árið 2010. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að fylgjast gaumgæfilega með framvindu kostnaðar og vera með áætlunina í sífelldri endurskoðun ef þörf er á. Einnig er mjög mikilvægt að menn standi saman og vinni saman að því að verja þjónustu við íbúana í bænum. Við áætlanagerðina var gengið út frá því að bæjarfélagið bjóði íbúum upp á sömu þjónustu og áður. Bæjarstjórn þakkar forstöðumönnum stofnana og skólastjórnendum fyrir þeirra hlutdeild við að gæta aðhalds



Í rekstri og þar með gera það mögulegt að halda áfram óbreyttu þjónustustigi við íbúa Stykkishólms.

Einu hækkunir á gjaldskrá Stykkishólmsbæjar sem ekki eru nú þegar bundnar breytingum á vísitölu neysluverðs er annars vegar 10% hækkun á fæðiskostnaði í leikskólanum, fæðiskostnaðurinn hefur ekki hækkað síðan 2003, og hins vegar hækkun um 7% á sorphirðugjaldi skv. byggingavísitölu. Álagningaprósentur fasteignagjalda hækka ekki. Útsvar verður óbreytt á árinu 2010 eða 13,28%.

Mikils aðhalds hefur verið gætt í rekstri Stykkishólmsbæjar á árinu 2009 og er reksturinn í góðu jafnvægi í árslok. Þennan árangur má þakka virku og mjög góðu samstarfi allra sem að rekstri sveitarfélagsins koma. Þetta góða samstarf hefur skilað sér inn í fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010.

Við fjárhagsáætlanagerðina var einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að bæjarfélagið standi fyrir framkvæmdum á þessum tímum enda er fjárhagsleg geta til þess hjá Stykkishólmsbæ. Með tilliti til þessa er áætlað að hefja byggingu við nýtt húsnæði fyrir tónlistarskólann við Grunnskólann í Stykkishólmi.

Áætlun ársins 2010 endurspeglar góða fjárhagsstöðu Stykkishólmsbæjar og tryggir íbúum sveitarfélagsins áframhaldandi góða þjónustu.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010 eru þessar:

A-hluti:

Skatttekjur bæjarsjóðs eru áætlaðar 588,5 m.kr., aðrar tekjur 376,0 m.kr. Tekjur samtals eru því kr. 964,5 m.kr. Rekstur málaflokka er áætlaður um 910,5 m.kr. Fjármagnsliðir eru 36,5 m.kr. Mismunur tekna og gjalda A-sjóðs sveitarfélagsins er því afgangur um 17,5 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 80,9 m.kr., fjárfestingar 120 m.kr., afborganir langtímalána 95,8 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 24,6 m.kr.

A og B hluti:

Tekjur eru áætlaðar 1.013.299 m.kr. en rekstrargjöld 944.817 m.kr. Fjármagnsliðir eru 74,0 m.kr. Gjöld umfram tekjur verða því um 5,6 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 103,3 m.kr., fjárfestingar 120,0 m.kr., afborganir langtímalána 112,9 m.kr., lántaka verður 120,0 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 29,8 m.kr.

- 3.2. Drög að þriggja ára áætlun stykkishólmsbæjar fyrir árin 2011-2013-fyrri umræða.**
Samþykkt að vísa þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar til seinni umræðu.

Fundi slitið kl. 17:16
Guðmundur Andrésson

